

Isavia ohf  
Reykjavíkflugvelli  
101 Reykjavík

Reykjavík 18. október 2018  
UST201809-229/A.B.  
10.04.02

### **Efni:** Tillaga - Aðalskipulag - Keflavíkflugvöllur - breyting

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Keflavíkflugvallar er barst 17. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkflugvallar.

Í greinargerðinni kemur fram að tillagan að breytingin felist í því að auka byggingarheimildir á svæði er nefnist FLE2. Í greinargerð kemur fram að viðbótarbyggingarheimildir verða 185.000 m<sup>2</sup> í stað 55.000 m<sup>2</sup> og heildarbyggingarheimildir á FLE2 verða 190.000 m<sup>2</sup> í stað 65.000 m<sup>2</sup>.

Þessar breytingatillögur eru í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags. Þar kemur fram sú stefna að heimildirnar verði endurskoðaðar reglulega og verði í samræmi við spár um farþegafjölda og veiti nauðsynlegt svigrúm fyrir flugvöllinn til að bregðast við.

### **Mat á umhverfisáhrifum**

Umhverfisstofnun telur jákvætt að unnið er að undirbúningi vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir uppbyggingu til ársins 2025 þar sem verður gerð verður ítarleg grein fyrir umhverfisáhrifum uppbyggingar á flugvöllinum.

### **Fráveita**

Í umfjöllun um fráveitu í breytingatillögunni kemur fram að aukin umsvif á Keflavíkflugvelli kunni að hafa áhrif á fráveitukerfi flugvallarins.

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að þörf sé á úrbótum í fráveitumálum þar sem segir m.a. að hreinsun skólps sé ófullnægjandi, útrás til sjávar of stutt og að olíuskiljur eru ekki allar í viðunandi ástandi. Stofnunin tekur undir að gert sé ráð fyrir að á skipulagstímabilinu verði ráðist í endurbætur á fráveitumálum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um fráveitumál þar sem kemur fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkis og hvert er ástand viðtakans.

Umhverfisstofnun bendir á að til viðbótar við þá þörf á úrbótum á fráveitu sem fjallað hefur verið um þá þyrfti að koma fram hvernig bregðast á við í fráveitumálum vegna þeirrar miklu fjölgunar farþega og starfsmanna sem blasir við í breytingatillögunni.

Að mati stofnunarinnar þyrfti einnig að koma fram hvernig fjöldi persónueininga er metinn. Einungis er fjallað um aukin fjölda starfsmanna á FLE2, en á svæðinu er gert ráð fyrir hótélbyggingu sem þyrfti að taka tillit til og auknum fjölda ferðamanna sem fer um Keflavíkurflugvöll sem aðalskipulagsbreytingin gefur tilefni til.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvæg að fundar verði bestu fánlegu lausnir í fráveitumálum fyrir svæðið t.d. með uppsetningu skólphreinsistöðvar.

Einnig er það mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt er að öll markmið um úrbætur fráveitu verði tímasett í breytingatillögunni.

### **Loftgæði**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í breytingatillögunni hvaða áhrif breytingarnar hafa á loftgæði á Keflavíkurflugvelli vegna aukins fjölda ferðamanna og þar af leiðandi aukinni flugumferð.


### **Hljóðvist**

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að það komi fram í breytingatillögunni hverjar breytingar verða á hljóðvist með aukinni flugumferð á Keflavíkurflugvelli.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur